

Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F. h. Garðabæjar, 5. mars 2002.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi lóðar nr. 2, við Fellsás í Helgafellshverfi, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi lóðar nr. 2, við Hlíðarás í Helgafellshverfi, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 30. janúar 2002.

Breytingin felst í því að byggingarreitur fyrir bílskúr er stækkaður um 4,5 m.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og um leið fellur úr gildi deiliskipulag sem samþykkt var á fundi bæjarstjórnar 14. október 1981.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 4. mars 2002.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn Vesturbyggðar
og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 615/1996, með síðari breytingum.**

1. gr.

Í stað „9“ í 1. gr. samþykktarinnar kemur: 7.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vesturbyggðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast gildi að loknum sveitarstjórnarkosningum 2002.

Félagsmálaráðuneytinu, 26. febrúar 2002.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Guðjón Bragason.